



Steinnur Aradóttir skjalavörður og Anna Guðrún Ahlbrecht gæðastjóri

Kortasafn Landmælinga Íslands á vefnum

Landmælingar Íslands búa yfir stóru og merkilegu safni landakorta en í það eru rúmlega 2500 kort skráð. Stærstur hluti safnsins eru kort sem stofnunin hefur gefið út frá því hún hóf starfsemi sína 1956. Einnig er í safninu mikið af

kortum frá kortlagningu Dana hér á landi sem fram fór á tímabilinu 1909 til 1939. Þá er þar að finna útgáfur annarra útgefenda sem í sumum tilfellum eru byggðar á gögnum stofnunarinnar. Á undanföllum mánuðum hefur jafnt og þétt verið unnið að því að koma þessum gögnum á rafrænt form með skönnun og er það gert til að tryggja að afrit séu

til og einnig til að bæta aðgengi að þeim. Nú er skönnuninni lokið og hefur veflausn sem veitir almennan aðgang að kortunum verið þróuð. Einnig má m.a. sjá í hvaða mælikvarða kortin eru, hvaða kortaflokkir þau tilheyra og hvaða ár þau eru gefin út.

[Smellið hér til að skoða kortasafnið.](#)

Kvarðinn

Fréttabréf Landmælinga Íslands

Kvarðinn nr. 18 1. tbl., 12. árg., mars 2010

Útgefandi: Landmælingar Íslands

Stillholti 16-18, 300 Akranes.

Sími: 430 9000—Fax: 430 9090

Netfang: lmi@lmi.is

Vefsíða: www.lmi.is

Ábm. Gunnar H. Kristinsson

Ritstjórn: Jensína Valdimarsdóttir o.fl.

Ljósmyndir: Guðni Hannesson

Viltu fræðast um fjarkönnun?

Á heimasíðu stofnunarinnar hefur Dr. Kolbeinn Árnason, jarðeðlisfræðingur, ritað pistil um fjarkönnun. Þar er meðal annars fjallað um helstu atriði í sambandi við fjarkönnun, þróun fjarkönn-

unartungla og fjarkönnunarrannsóknir á Íslandi. Í greininni eru margar krækjur í aðrar vefsíður þar sem fjallað er nánar um einstaka þætti fjarkönnunarrannsókna. Greinina má nálgast [hér](#).

Nýtt lagafrumvarp um bætt aðgengi að landupplýsingum

Nýtt lagafrumvarp um aðgengi að landupplýsingum verður væntanlega lagt fyrir Alþingi á vorþingi 2010 en Landmælingar Íslands munu sjá um framkvæmd laganna fyrir hönd umhverfisráðherra. Frumvarpið hefur verið kynnt á heimasíðu umhverfisráðuneytisins auk þess sem óskað var sérstaklega eftir umsögnum ýmissa aðila. Með frumvarpinu, sem fjallar um svokallaða grunngerð landupplýsinga, er verið að innleiða tilskipun Evrópusambandsins nr. 2007/2/EB sem nefnist INSPIRE. Með grunngerð er átt við „tækni, stefnur, staðla og mannauð sem þarf til að afla, vinna úr, varðveita, miðla og auka nýtingu á landupplýsingum.“ Meginmarkmið frumvarpsins er að tryggja aðgengi stjórnvalda og almennings að landupplýsingum og að samræma og samnýta opinberar landupplýsingar sem mun fela í sér margvíslega hagræðingu. Nánari upplýsingar um INSPIRE tilskipunina má finna í skýrslu Landmælinga Íslands, [Greinargerð og tillögur um innleiðingu INSPIRE á Íslandi](#), og á [heimasíðu tilskipunarinnar](#).

Umhverfisráðuneytið 20 ára


Árið 1990 var umhverfisráðuneytið stofnað og með því jókst samræming á sviði umhverfismála innan stjórn-sýslunnar. Umhverfisráðuneytið á 20 ára afmæli á þessu ári og óska Landmælingar Íslands starfsmönnum ráðuneytisins til hamingju með afmælið.

[Heimasíða umhverfisráðuneytisins](#)

Örnefnaskráning á Akranesi

Á síðasta ári gerðu Landmælingar Íslands og Akraneskaupstaður með sér samstarfssamning um söfnun og skráningu örnefna. Ákveðið var að skrá örnefni í bæjarlandi Akraness og koma þeim í landfræðilegt upplýsingakerfi. Samstarfsverkefnið var þróunarverkefni til að tryggja að upplýsingar um örnefni tapist ekki og til að miðla upplýsingum til samfélagsins.

Helstu heimildarmenn í verkefninu eru þeir Ásmundur Ólafsson, Bragi Magnússon og Þórður Árnason. Þeir staðsettu örnefni ofan á loftmynd frá Loftmyndum ehf. og starfsmenn Landmælinga Íslands hnitugu örnefnin inn í gagnagrunn og gerðu síðan myndkort



Magnús Guðmundsson og Þorvaldur Vestmann, framkvæmdastjóri Skipulags- og umhverfisstofu hjá Akraneskaupstað

með örnefnunum. Verkefnið var kynnt í Tónbergi 25. febrúar á sama tíma og skýrslan Perla Faxaflóa- Bæja- og húsa-könnun á Skipaskaga. [Vefsíða með niðurstöðu verkefnisins.](#)

Staða landupplýsinga hjá sveitarfélögum á Íslandi

Í síðasta tölublaði Kvarðans sögðum við frá könnun sem gerð var síðastliðið haust um stöðu landupplýsingagagna hjá sveitarfélögum í landinu. Könnunin fór fram í aðdraganda innleiðingar INSPIRE tilskipunar ESB um aðgengi og samhæfingu á landfræðilegum gögnum í Evrópu í því skyni að auðvelda aðgengi að og auka notkun landupplýsingagagna. Niðurstöður könnunarinnar sýna að lítið er vitað um INSPIRE hjá sveitarfélögum en þau nota margvísleg land-

fræðileg gögn þó í mismiklum mæli sé. Almennt má segja að notkun þessara gagna sé mun meiri hjá fjölmennari sveitarfélögum og hjá þeim er kostnaður við notkun einnig hlutfallslega langminnstur miðað við mann-fjölda. Þó eru dæmi um fámenn sveitarfélög sem spjara sig tiltölulega vel, t.d. með því að ganga til samstarfs við nágrannasveitarfélög. Niðurstöður könnunarinnar má finna hér: [Landupplýsingar sveitarfélaga.](#)





Kristinn G. Ólafsson tæknimaður

Hefur starfað hjá Landmælingum Íslands í 20 ár

Einn þeirra starfsmanna sem hvað lengstan starfsaldur hefur hjá Landmælingum Íslands er Kristinn G. Ólafsson tæknimaður. Kristinn hóf störf hjá stofnuninni fyrir rúmlega 20 árum eða í desember 1989 en þá voru Landmælingar Íslands staðsettar á Laugavegi 178 í Reykjavík.

„Ég hóf störf sem aðalbókari en á þeim tíma voru útgáfa og sala korta ásamt loftmyndatöku og sölu loftmynda stór hluti af rekstri stofnunarinnar. Stofnuninni var skipt upp í 5 deildir og starfaði ég á skrifstofudeild þar sem haldið var utan um skjala- og bókasafn stofnunarinnar, bókhald, innheimtu, greiðslu reikninga og séð um hefðbundin skrifstofustörf. Ég sá ekki endilega fyrir mér að ég myndi starfa hjá stofnuninni næstu 20 árin en þegar ég lít til baka hefur tíminn verið fljótur að líða enda hefur stofnunin alltaf verið opin fyrir breytingum og framþróun sem hefur skilað fjölbreytni í starfi og aukið mjög á starfsánægju þar sem starfsmenn sitja ekki alltaf í sama farinu. Mestu breytingarnar voru þegar ríkisstjórnin tók þá ákvörðun að í janúar

1999 skyldu höfuðstöðvar Landmælinga Íslands fluttar á Akranes. Ekki var samstaða meðal starfsmanna um þennan flutning og töldu margir þeirra að þetta yrði banabiti stofnunarinnar og tóku stéttarfélagin undir þá gagnrýni. Ég tók snemma þá ákvörðun að fara með stofnuninni upp á Akranes. Mér þótti þetta spennandi verkefni og ég vildi taka þátt í að byggja stofnunina upp á nýjum stað. Mín skoðun var að Landmælingar Íslands hefðu gott af þeim breytingum sem fylgdu. Það var í lok árs 1998 sem ég fór að fara reglulega upp á Akranes og meðal annarra verkefna minna þar var vinna við uppsetningu á tölvukerfi stofnunarinnar þar sem allur vélbúnaður var endurnýjaður og átti allt að vera tilbúið þannig að hægt væri að hefja störf í nýjum húsakynnum á nýjum stað 2. janúar 1999.“

Eftir að Landmælingar Íslands fluttu á Akranes hefur orðið mikil framþróun í allri kortagerð og úrvinnslu gagna.

„Ég tel að flutningurinn hafi hraðað framþróun Landmælinga Íslands í landmælingum og stafrænni grunnkortagerð og gert stofnunina að mikilvægari hlekk

í stjórnkerfi Íslands. Á Laugaveginum vorum við byrjuð að vinna að stafrænni kortagerð en við það að koma á Akranes komst á meiri kraftur og það sem skipti mestu máli var að tækjabúnaðurinn var nýr. Tækjabúnaður og það að aðstaðan varð miklu betri en verið hafði gjörbreytti starfseminni. Það má segja að þarna hafi endanlega farið í gang sú áhersla á stafræna kortagerð sem þurfti og hefur verið síðan. Þó framþróunin hafi verið hröð meðan við vorum á Laugaveginum þá er ég ekki viss um að hún hefði orðið jafn hröð og raun bar vitni á Akranesi því nýtt umhverfi kallar á ný vinnubrögð. Í dag sinni ég eingöngu störfum á sviði tölvumála og tek meðal annars þátt í skipulagi og flutningi gagnasafna úr Lotus Notes yfir í Oracle gagnagrunn. Einnig hefur t.d. kortasafn Landmælinga Íslands verið birt á vef stofnunarinnar þar sem hægt er að nálgast, á stafrænu formi, flest þau kort sem stofnunin hefur gefið út. Aðgengi að landupplýsingum hefur gjörbreytt á undanförunum árum og notkun á slíkum gögnum á bara eftir að aukast í framtíðinni,“ segir Kristinn að lokum.

Gæðavottuð vistun hjá SecurStore

Landfræðileg gagnasöfn eru hjartað í rekstri Landmælinga Íslands og því gríðarlega mikilvægt að öll meðhöndlun þeirra bæði hvað varðar frumgögn og afritun sé eins og best verður á kosið. Afritun gagna Landmælinga Íslands fer fram hjá Tölvuþjónustunni SecurStore ehf. á Akranesi sem er eina fyrirtækið á Íslandi sem sérhæfir sig í afritun gagna og hefur ISO 27001 vottun um stjórnkerfi upplýsingaöryggis. Markmiðið með öryggisreglum um upplýsingaöryggi er að tryggja trúnað í meðhöndlun upplýsinga, að upplýsingarnar séu réttar og að þær séu til reiðu þegar á þarf að halda. Til þess að uppfylla þessi skilyrði þá eru öll gögn sem eru afrituð af SecurStore dulkóðuð áður en þau fara frá starfsstöð viðskiptavinar. Gögn fara sjálfvirk út úr húsi þegar afritun fer fram og eru síðan send á tvo aðskilda staði til geymslu til þess að auka öryggi og aðgengi að þeim ef á þarf að halda. Landmælingar Íslands gera því engar málamiðlanir þegar kemur að öryggi gagna þeirra og velja bestu þjónustu sem völ er á.

Sveitarfélagakort á sveitarfélaga-vefnum

Á heimasíðunni hefur [sveitarfélaga-kortið](#) af Íslandi verið uppfært. Sveitarfélögin eru nú 77 talsins og á kortinu má sjá tölulegar upplýsingar um íbúafjölda, stærð í km² og íbúafjölda á km².

Landfræðilegar upplýsingar byggjast á IS 500V grunni Landmælinga Íslands en upplýsingar um fjölda íbúa eru fengnar frá Hagstofu Íslands og miðast við 1. desember 2009.

Samstarf við Landsbókasafn Íslands Háskólabókasafn

Í lok ársins 2009 var undirritaður samstarfssamningur milli Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns og Landmælinga Íslands um skönnun ýmissa korta og frumgagna sem eru varðveitt hjá Landmælingum Íslands.

Innan veggja stofnunarinnar hefur á síðastliðnum árum farið fram mikil vinna sem snýr að skönnun ýmissa gagna í þeim tilgangi að tryggja varðveislu þeirra og ekki síður bæta aðgengi að þeim. Hér er m.a. um að ræða frumgögn frá Dönum; kort og bæjarteikningar sem þeir teiknuðu á meðan þeir dvöldu hér við vinnu sína á fyrri hluta síðustu aldar. Sumar þessara kortateikninga er ekki hægt að skanna með þeim tækjabúnaði sem stofnunin

hefur til umráða þar sem þær voru unnar á sérstakar málplötur.

Með samstarfssamningnum var gert samkomulag um að Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn sjái um skönnun þeirra korta og kortabóka sem ekki var hægt að skanna hjá Landmælingum Íslands. Stofnunin afhendir safninu afrit af skráningu kortasafnsins og skönnuðum kortum sem gefin voru út fram til ársins 1960.

Í kortasafni Landsbókasafns eru nær öll kort sem gefin hafa verið út af Íslandi. Safnið hefur yfirfært öll forn Íslandskort sem eru í eigu safnsins á stafrænt form og birt á vefnum [Forn Íslandskort](#).

Spot– 5 myndir og nýtingarmöguleikar á Íslandi

Á heimasíðunni er sagt frá SPOT-5 gervitunglamyndum af Íslandi sem voru keyptar á árunum 2008 og 2009 en SPOT-5 myndirnar hafa fyrir löngu sannað gildi sitt og eru notaðar reglubundið í margs konar verkefnum hér á landi. Sjá nánar um gervitunglamyndir í texta um [SPOT-5](#) myndir

www.lmi.is